



VEITUSTJÓRN HRUNAMANNAHREPPS



5. fundur Veitustjórnar Hrunamannahrepps var haldinn miðvikudaginn 2. mars 2023 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 16:30.

Fundinn sátu: Sigurjón Snær Jónsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði. Einnig sátu fundinn Bjarney Vignisdóttir, Ævar Eyfjörð Sigurðsson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir.

Auk þeirra sátu fundinn: Hannibal Kjartansson, veitustjóri og Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Í upphafi leitaði formaður eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

Gengið til dagskrár:

1. Fundargerð verkfundar „Miðlunargeymir Berghylsfjalli“ dags. 21.3.2023.

Fundargerðin rædd og lögð fram til kynningar en veitustjórn mun áfram fylgjast grannt með framvindu verksins og leggur áherslu á að því verði lokið tímanlega og með góðum hætti.

2. Ársreikningur Hitaveitu Flúða og nágrennis 2022.

Fyrir liggur ársreikningur Hitaveitu Flúða og nágrennis fyrir árið 2022. Aldís fór yfir helstu kennitölur reikningsins.

Rekstrartekjur veitunnar árið 2022 námu 80.137.456,- m.kr. og hækkuðu um 1,5 m.kr á milli ára eða um 2%.

Rekstrargjöld ársins eru kr. 68.371.680,-.

Afskriftir eru kr. 14.700.061,-.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr. 10.699.357,-.

Hagnaður veitunnar á árinu 2022 eftir skatta nam 373.034,-. Fjárfesting ársins var rúmar 30,3 millj.

Veitustjórn lýsir yfir ánægju sinni með að þrátt fyrir afar erfitt rekstrarumhverfi þar sem verðbólga er í hæstu hæðum hefur tekist að bjóða notendum eitt hagstæðasta verð á heitu vatni á landinu og um leið er rekstur hitaveitunnar réttu megin við núllið. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

3. Ársreikningur Hrunaljóss 2022.

Fyrir liggur ársreikningur Hrunaljóss fyrir árið 2022. Aldís fór yfir helstu kennitölur reikningsins.

Rekstrartekjur ársins eru kr. 15.930.096,- en þar af námu þjónustutekjur sem voru innheimtar vegna lagfæringar á ljósleiðara kr. 4.073.506,-.

Rekstrargjöld ársins eru kr. 9.357.315,-.

Afskriftir eru kr. 4.187.446,-.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr.12.582.727,-. Tap ársins er kr. 6.009.946,- sem er þrátt fyrir allt örlítið hagstæðari niðurstaða en reyndin varð árið 2021. Fjárfestingar ársins námu 6.134.483,-. Eftir yfirferð, umræður og spurningar var reikningurinn samþykktur samhljóða og undirritaður.

4. Rekstrareikningur Vatnsveitu 2022.

Fyrir liggur rekstrareikningur Vatnsveitu Flúða fyrir árið 2022. Aldís fór yfir helstu kennitölur reikningsins.

Rekstrartekjur ársins eru kr. 43.454.996,-.

Rekstrargjöld ársins eru kr. 12.751.008,-.

Afskriftir eru kr. 7.679.000,-.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld eru samtals neikvæð um kr.12.277.000,-.

Tap ársins er kr. 10.748.000,- sem er örlítið lakari niðurstaða en reyndin varð árið 2021.

Enn er það óhagfelld verðbólga sem gerir okkur skráveifu en ef verðbólga hefði verið með sama hætti og árið 2021 hefði rekstrarniðurstaða orðið um 5 m.kr. betri en raunin varð sem hefði aftur skilað sama rekstrarafgangi og árið 2021.

Fjárfestingar ársins námu 72,8 m.kr. og fólust þær að stærstu leyti í byggingu vatnstanks í Berghylsfjalli sem enn er ekki lokið. Reikningurinn yfirfarinn og ræddur og lagður fram til kynningar.

5. Rekstrarreikningur fráveitu árið 2022.

Reikningurinn lagður fram. Samþykkt að fresta afgreiðslu reikningsins þar til nánari upplýsingar liggja fyrir.

6. Skýrsla KPMG um úttekt á eignasjóði og áhaldahúsi

Aldís kynnti niðurstöður úttektar sem fram hefur farið á rekstri eignasjóðs, áhaldahúss og veitum. Markmið úttektarinnar var að skýra verklag og auka yfirsýn og umfang verkefna og meta hvar möguleg tækifæri til hagræðingar og skilvirkni liggja.

Lagt fram til kynningar.

7. Vatnsveita í efri sveitir Hrunamannahrepps.

Rætt um stöðu á köldu vatni á bæjum ofan við Flúðir. Veitustjórn samþykkir að veitustjóri kanni áhuga ábúenda á svæðinu um að tengjast vatnsveitu Hrunamannahrepps.

8. Málafni Kópsvatns

Rætt um stöðu mála varðandi virkjunina á Kópsvatni. Veitustjóri og sveitarstjóri gerðu grein fyrir fundi sem þau áttu með fulltrúum Baseload í gær. Veitustjórn óskar eftir því að fulltrúar frá Baseload kynni áform sín fyrir stjórninni.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 19:20